

Til Skipulagsstofnunar

Okkur almenningi er boðið að gera athugasemdir við endurskoðaða skýrslu Landsvirkjunar vegna fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar.

Hönnuðir virkjunarinnar hafa lagt sig fram við að milda útlit stíflumannvirkja því það er ekki lítið mál að gjörbylta og eyðileggja heilu landslagsheildirnar, sem stór hluti þjóðarinnar er tengdur tilfinningaböndum. Í þessari skýrslu er okkur boðið að koma með ábendingar varðandi útlit mannvirkja í og við umbreytta og stíflaða Þjórsána og að meta tengsl virkjunarinnar við landslagið þar, nær og fjær.

Ég verð að segja að ekki er að sjá að náttúrefegurð sé metin sem auðlegð í sjálfu sér, heldur er feegurðin metin með tilliti til þess fjármagns, sem hún gefur af sér, hér og nú. Sem dæmi um það er boðið uppá að gera athugasemdir við útsýnið frá vesturbakka Þjórsár en þar búa margir og þar er mikil umferð ferðamanna og sýndar myndir þaðan fyrir og eftir virkjun. En ég geri athugasemdir við að ekki eru sýndar myndir teknar frá austurbakkanum norðan Skarðsfjalls. Sennilega er það vegna þess að þar er núna sáralítill umferð manna. Þetta er auðvitað skammsýni, því þar er ekki minni fegurð og fjallasýn en vestan megin. Þetta svæði og umhverfið allt, með grónum tóftum og einstaklega fögru útsýni, mun gjörbreytast samkvæmt virkjunaráformum. Fyrirhugað er að byggja þarna á grónum austurbakka Þjórsár margra km. langan stýflugarð, um 5 metra háan.

Í öðru lagi vantaði alveg í skýrsluna þversneiðarteikningar af ánni á fyrirhuguðu lónsvæði.

Ég þóttist vita að þessar teikningar hefðu verið gerðar, það um þær hjá Landsvirkjun og fékk þrjár sneiðingar. Ein sneiðingin er miðuð við Skarðsselstóftir, sem gert er ráð fyrir að fari þarna undir garðinn, en ekki eru tóftirnar sýndar á teikningunni.

Og í sambandi við útlitshönnun á þessum þversneiðarteikningum, þá finnst mér undarlegt að velja muskulegan grænleitan lit á Þjórsána, en fallegan blár á fyrirhugað lón.

Ef við, almenningur, eigum raunverulega að fá að vera með í þessu ferli, þá eigum við að vera með frá upphafi. Ríkisstjórn Íslands eða Skipulagsstofnun eiga að sjá til þess að hugmyndir um stórvirkjanir í náttúru Íslands séu útskýrðar með umræðu í fjölmiðlum og einnig með vandaðri skýrslu, þar sem fram koma sjónarmið, með og á móti. Ef það væri gert þá ætti almenningur að vera fær um að koma með ábendingar.

Að lokum minni ég á að við erum öll vörslumenn náttúrunnar með þá skyldu að koma henni sem heilbrigðastri áfram til næstu kynslóða. Við höfum ekki heimild til að eyðileggja enn frekar Þjórsána og þessa fallegu landslagsheild, þar sem rætur okkar og saga liðinna kynslóða liggur í jörðu og fléttast saman við sögu náttúruaflanna. Eða erum við sem búum á Íslandi svo fátæk og aðframkomin að fórna verði feegurð landsins til að framleiða rafmagn handa erlendum orkunotendum? Ef við eyðileggjum dýrmætin sem við eigum þá verðum við fátæk.

Borghildur Óskarsdóttir  
Laufásvegi 3, 101 Reykjavík